


## Bílasalan

Höfdatúni 10  
s. 18881 & 18870



### Bronco '72

Gulur ný samstæða að framan, 6 cyl. beinskiptur lítið klæddur. Verð kr. 1400 þús.



### Jeep Commander '73

6 cyl. beinskiptur, ekinn 30 þús. km. Verð kr. 1700 þús. Útvarp, góð dekk. Vill skipa á dýrara, helst Volvo eða Saab '75.



### Wagoneer '73

Orangelitur, 6 cyl. beinskiptur ekinn 89 þús. km. Verð kr. 2.1 millj. Skipti á skuldabréf.



### Ford Comet '72

6 cyl beinsk. útvarp og góð dekk. Rauður. Verð 1300 þús. Vill skipa á dýrari, helst amerískum. Staðgr. á milli.

Þarftu að selja. Ætlarðu að skipta. Viltu kaupa. Þá litlu við hjá okkur.

Höfum alltaf fjölda bifreiða fyrir fasteignatryggð veðskuldabréf.



### Cortina 1970

Kr. 450 þús. Vinsælasta árgerðin í Cortínu fjölskyldunni.



### Land Rover

Fjórfaetla 1966. Kr. 600 þús. — Skipti möguleg á dýrari eða ódýrari bíl.



### Galant 1600

— De Luxe. G.L.S. 1974. Kr. 1.450 þús. Skipti óskast á Willys Wagoneer '70-'74.



### Saab 96 1972

— Kr. 1,0 millj. Rauður — Ekinn 105 þús. km. Sérstaklega fallegur bíl.

## Bílasalan Bílagarður

Borgartúni 21.

Símar 29-7-50 og 29-4-80

# Líf og list um helgina



Ölmusumennirnir standa við kirkjur með framréttar hendur, gjarnan í tiltlum skýlum eins og á þessari mynd.

## „Fattiggubbar“

— sérstæð finnsk ljósmyndasýning í Norræna húsinu

Finnski ljósmyndarinn og rithöfundurinn Markus Leppo heldur mjög sérstæða ljósmyndasýningu í Norræna húsinu nú um helgina, og til 12. febrúar.

Sýninguna nefnir hann „Fattiggubbar“, sem mætti þýða sem ölmusumenn, eða fátæklingar. Myndirnar eru af tréskurðarmyndum sem eiga sér enga hliðstæðu í alþýðulistasögunni.

Þessar tréskurðarmyndir, sem er að finna fyrir framan kirkjur í Finnlandi, gegna því hlutverki að safna fé handa fátækum og sjúkum.

Uppruna þeirra má rekja til kaþólsku Guðskistunnar, eða ölmusustokkanna, sem voru bannaðir í Finnlandi við síðaskiptin.

En árið 1649, skipaði Kristin,

drottning, svo fyrir að söfnunarbaukar skyldu settir upp að nýju á opinberum stöðum, en nú án helgimynda.

Með tímanum tóku þessir baukar á sig mannsmyndir, sem oftast stóðu með útrétta hönd, við kirkjudyrr. Þetta voru tréskurðarmyndir, oftast málaðar. Heimildir greina frá að minnsta kosti 130 slíkum tréskurðarmyndum. Nokkrar hafa glatast á síðustu áratugum, en enn muna vera 118, við finnskar kirkjur.

Markus Leppo hefur ljósmyndað allar þessar stytur og safnað um þær heimildum. Sýningin verður í bókasafni og anddyri Norræna hússins og jafnframt verða sýndar finnskar kvikmyndir og litskyggjur, í samkomusal.

— OT.

## Ys og þys og orðsendingar

— á málverkasýningu Guðbergs Auðunssonar, að Kjarvalsstöðum

Ys og þys stórborganna, má sjá í tuttugu og þremur myndum sem Guðbergur Auðunsson sýnir að Kjarvalsstöðum frá laugardeginum 4. febrúar og til þess 15.

Listamaðurinn var í sumar í Marokkó og á Spáni, en sækir einnig fyrirmyndir til New York. Honum finnst hraðinn í mannlífinu nú vera orðinn svo mikill, að skilaboð sem menn fá í dag, lifa ekki til morguns.

Hvergi sést þetta betur en á auglýsingaplakötum sem hanga uppi milljónum saman, í stórborgum heimsins. Þar er „boðskap“ skellt ofan í „boðskap“ og veður og vindar gera sitt til að rugla málið.

Í þetta hefur Guðbergur rýnt og gripíð sér augnablik úr þessari „brúnnarsögu“ til að festa á lérfé. Þetta er fyrsta málverkasýning Guðbergs í Reykjavík, en hann sýndi fyrst í Vestmannaeyjum síðastliðið vor.

— OT.

## Samhljómur blokkflautu og lútu

Blokkflauta og lúta hljóma saman í Félagsstofnun stúdenta, við Hringbraut á laugardaginn kl. 17. Þar stilla saman strengi sína þau Camilla Söderberg, blokkflautuleikari og Snorri Örn Snorrason.

A efnisskránni eru renaissance dansar fyrir blokkflautu og lútu eftir Bossinensis, Jacob van Eyck, Caroso og Dowland. Ennfremur fantasía fyrir blokkflautu eftir Telemann og sónata fyrir blokkflautu og gítar, eftir sama.

## Reykjavíkurskáknotið sett á laugardag

Reykjavíkurskáknotið verður sett á laugardaginn klukkan 13.45 af menntamálaráðherra og síðan mun borgarstjóri leika fyrsta leikinn. Dregið verður um töfluröð á föstudagskvöld.

Teflt verður í Kristalssal Hótelis Loftleða og um helgar fara umferðir fram klukkan 14—19 og biðskákir tefldar klukkan 21—23. Virka daga verða umferðir tefldar klukkan 18—23 og biðskákir 14—16. Aðaldómari er Guðmundur Arnlaugsson.

Aðgangseyrir fyrir fullorðna er eitt þúsund krónur og 600 fyrir börn. Hægt er að kaupa heilmíða á 10 þúsund krónur.

Þetta er sterkasta skáknot sem haldið hefur verið hér á landi og er Skáksamband Íslands eina sambandið á Norðurlöndum sem heldur mót af þessari stærð. Erlendis eru það yfirleitt stórfyrirtæki sem gangast fyrir skáknotum um þessu.

## Kennslutækjasýning í Hafnarfirði

Kennarafélag Hafnarfjarðar gengst fyrir sýningu á kennslutækjum í Vöðubaskóla nú um helgina. Mörg fyrirtæki sýna það sem þau hafa á boðstólum og kynna nýjungar. Leiðbeinendur verða á sýningunni og kynna notkun tækjanna.

Sýningin verður opnuð á morgun, laugardag, kl. 2 með því að Guðbjartur Gunnarsson, forstöðumaður kennslugagnastöðvar fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, flytur erindi um nýsitækni.

Sýningin verður opin á laugardag og sunnudag kl. 2 til 6 báða dagana, og er öllum heimill aðgangur að sýningunni



Guðbergur með eina mynda sinna. Vísismynd — JA.